

# Framkvæmdaleyfi



## Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út til Eden Mining ehf. kt. 541008-1600 og gildir til efnistöku í Litla Sandfelli í landi Breiðabólsstaðar L171690. Leyfi þetta var samþykkt í bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfuss þann 26. september 2024.

Framkvæmdaleyfið gildir til efnistöku á 18 milljón rúmmetrum af efni á framkvæmdasvæðinu til ársins 2054. Efnistökusvæðið er samtals 40 ha. að stærð. Framkvæmdaleyfi þetta er í samræmi við gildandi deiliskipulag um efnistökusvæði í Litla-Sandfelli sem auglýst var í B-deild stjórnartíðinda þann 20. júní 2024. Framkvæmdaleyfi þetta veitir heimild til efnistöku allt að 625.000 m<sup>3</sup> á ári að meðaltali.


Gert er ráð fyrir að byrjað verði að vinna í fellinu vestan megin svo ásýnd þess að austan haldist óroskuð sem lengst.

Framkvæmdaraðili skal láta fara fram árlegar efnismælingar á efnistökusvæðinu og skila skýrslu þess efnis til sveitarfélagsins Ölfuss. Efnismælingar skulu framkvæmdar af óháðum aðila og kostaðar af framkvæmdaaðila.

**Útgáfudagur leyfis miðast við 26. september 2024**

Sveitarfélagið Ölfus

Þorlákshöfn 30. september 2024



Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Skrifstofu- og verkefnastjóri  
Sveitarfélagið Ölfus